

FUNDARGERÐ

229. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

haldinn í Efstaleiti 1, 26. maí 2021

Mætt voru stjórnarmennirnir Jóhanna Hreiðarsdóttir, Brynjólfur Stefánsson, Björn Ólafsson, Sigríður Valdís Bergvinsdóttir í fjarveru Guðlaugs Sverrissonar, Mörður Áslaugarson, Marta Guðrún Jóhannesdóttir, Ragnheiður Elín Árnadóttir og Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi. Mörður Árnason sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir fjármálastjóri og Sigrún Hermannsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð nr. 228 var samþykkt.

2. Fjármál - uppgjör apríl

Framkvæmdastjóri fjármála kynnti afkomu RÚV í apríl. Tekjur félagsins eru 25 m.kr. yfir áætlun en rekstur deilda 8,7 m.kr. yfir áætlun. Helstu ástæður var aukinn kostnaður vegna Covid-19, vegna tvöfaldrá vakta. Fjármagnsliðir voru yfir áætlun vegna verðbólgu og gengisþróunar. Afkoma mánaðarins var 2,6 m.kr. betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Afkoma fyrstu fjögurra mánaða ársins var 58,3 m.kr. betri en áætlun, vegna tekjuaukningar og þróunar fjármagnsliða. Farið var yfir horfur varðandi rekstur á næstu mánuðum en ljóst sé að tekjur vegna aukinnar auglýsingasölu og hagstæð gengisþróun mun leiða til þess að rekstur ársins verði jákvæður, ef forsendur rekstraráætlunar ársins standist að öðru leyti.

Þá var upplýst um stöðuna á kröfu RÚV gagnvart Skattinum. RÚV hefur skilað inn öllum gögnum vegna fyrirspurnar Skattsins og nú er beðið eftir niðurstöðum.

Minnisblað um gengisvarnir voru kynntar en skuldbindingar RÚV í erlendum gjaldmiðlum hafa aukist töluvert frá áramótum vegna kaupa á sýningarréttum frá íþróttastórmótum til ársins 2028. Farið var yfir kosti og galla gengisvarna, kostnað og spár um gengisþróun á næstu mánuðum. Ákveðið var að bíða með ákvörðun um kaup á gengisvörnum að sinni. Fylgst verður náið með gengisþróun og spám Seðlabanka Íslands og fleiri aðila. Tekin verður afstaða til gengisvarna og áhættu í þeirri stefnumótunarvinnu sem nú stendur yfir.

3. Minnisblað útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir stöðu stefnumótunarvinnu RÚV til næstu ára. Sú vinna sé komin í gang og unnið sé samkvæmt skýrri áætlun út árið. Jafnlaunavottun RÚV var endurnýjuð í maí að lokinni viðhaldsvottunarúttekt. Farið var yfir stöðu þeirra mála og umbótavinnu síðasta árs, sem m.a. fólst í endurskoðun launa ákveðinna hópa í kjölfar launagreiningar og launamunur var jafnaður milli sviða. Marktækur árangur hafi náðst við að draga úr óútskýrðum launamun. Launamunur vegna mánaðarlauna mældist samkvæmt launagreiningu í mars 0,4% (karlar lægri) og launamunur vegna heildarlauna var 3,9% (konur lægri). Í kjölfar úttektar og launagreiningar hafi verið gerð áætlun um umbótaverkefni á næstu mánuðum sem m.a. fela í sér nánari greiningu á yfirvinnu og viðbótargreiðslum o.fl.

Yfir 70% þjóðarinnar horfðu á úrslit Eurovision þar sem Daði og Gagnamagnið lentu í fjórða sæti. Greint var frá samráðsfundi með mennta- og menningarmálaráðuneytinu og einnig að vinna við framtíðaruppbyggingu útvarpsöryggissenda væri farin í fullan gang. Gerð var grein fyrir erindi fjölmiðlanefndar sem sneri að auglýsingum að loknum Krakkafréttum og stuttlegra fjallað um sýknudóm vegna málshöfðunar vegna þáttarins Paradísarheimt. Vinna við endurskoðun siðareglna RÚV sé farin af stað og staðan í Covid-málum sé sú að vinnusvæði RÚV í Útvarpshúsinu sé enn skipt niður í tvö svæði og reynt sé að halda fréttastofunni í eins miklu vari og mögulegt sé. Vakinn var athygli á viðmælendagreiningu RÚV sem uppfærð sé nokkrum sinnum á ári á vef RÚV. Gerð var grein fyrir þátttöku útvarpsstjóra á tveimur málþingum, annars vegar um fjölmiðla og landsbyggðir sem haldið var á Akureyri og hins vegar á ráðstefnu um stafræna framtíð íslenskunnar sem haldin var í Háskólanum í Reykjavík. Að lokum kynnti útvarpsstjóri dagskrá allra miðla í sumar.

4. Starfsreglur og starfsáætlun stjórnar

Jóhanna leiddi yfirferð starfsreglna og starfsáætlunar og var hópur um starfskjarastefnu myndaður. Í honum sitja Jóhanna Hreiðarsdóttir, Guðlaugur G. Sverrisson og Mörður Árnason. Engar athugasemdir voru gerðar við starfsreglur stjórnar. Varðandi starfsáætlun var ákveðið að taka út fastan tíma útvarpsþings og færa kynningar framkvæmdastjóra fram um einn mánuð. Að þessum breytingum gerðum var starfsáætlun samþykkt.

Marta Guðrún Jóhannesdóttir
Sigrún Hermannsdóttir
Anna Bjarney Sigurðardóttir
Björn Ólafsson
Sigríður Valdís Bergvinsdóttir
Mörður Árnason
Stefán Eiríksson

5. Kosning í endurskoðunarnefnd

Í nefndina voru kosin Björn Ólafsson, Ragnheiður Elín Árnadóttir og Valgeir Vilhjálmsson

6. Önnur mál

Rætt var um netöryggi hjá RÚV og almennt og ráðlagt að utanaðkomandi aðili væri fenginn til að meta netöryggi þess. Útvarpsstjóri og fjármálastjóri munu fara nánar yfir þessi atriði og kynna netöryggisáætlun til stjórnar í haust. Að þessum umræðum loknum, yfirgaf útvarpsstjóri fundinn vegna annars fundar. Rætt var um formennsku útvarpsstjóra RÚV í stýrihópi EBU-hópi um fjölbreytni, jafnræði og þátttökuáðgengi og mikilvægi þess að stjórn styddi við útvarpsstjóra í því hlutverki og las Mörður Áslaugarson upp yfirlýsingu sem hann lagði undir stjórn. Var það mál manna að stjórn hefði til þessa ekki tekið afstöðu til alheimsmála almennt, þó hver og einn gæti vissulega gert það. Fram kom að stjórn bæri að styðja við útvarpsstjóra í því hlutverki sem honum væri falið, án þess að álykta um málið sérstaklega. Stjórnarmenn sammála um að gaman væri að heyra frá útvarpsstjóra í hverju starfið fælist. Máli frestað til næsta fundar þegar útvarpsstjóri sé viðstaddur. Rætt um málstefnu RÚV og það ráðgefandi hlutverk sem RÚV sé í umræðunni og málnotkun. Góð og gild áminning fyrir stjórnarmenn um að kynna sér málstefnuna.

Hammaþráðand.
i geymslu þess 8. september
Jón Ólafsson
Björn S. Ólafsson
sæð: T. Targröf Tryggvad.
Andri G. Sney
Monta Guðrún Jóhannsd.
CW 12